

Nd.

641. Nefndarálit

um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar bústaði og Skildinganes undir lög-
sagnarumdæmi Reykjavíkur.

Frá minni hluta nefndarinnar.

Við höfum ekki getað orðið háttvirtum meðnefndarmönnum okkar sam-
mála um, að rjett sje að samþykkja þetta frumvarp gegn skýrum og beinum mót-
mælum bæði hlutaðeigandi hreppsnefndar og sýslunefndar og enn fremur gegn
mótmælum eigenda Skildinganes. Að samþykkja slík þvingunarlög, virðist koma
fullkomlega í bága við anda sveitarstjórnarlaganna frá 10. nóv. 1905 eða jafn-
vel bein ákvæði þeirra, þar sem þau ákveða í 3. gr., að ekki megi skifta hreppi,
sameina hreppa nje breyta hreppamörkum, nje gera neina aðra þess konar breyt-
ingu, nema eftir beiðni hreppsnefnda þeirra, er hlut eiga að máli, og meðmælum
sýslunefndar.

Af þessum ástæðum leggjum við til, að frumvarpið verði felt.

Neðri deild alþingis 29. ágúst 1913.

Valtýr Guðmundsson
framsögumaður.

Sigurður Sigurðsson.